

Reykjavík, 7. mars 2016

Niðurstaða athugunar á umfangi veittra ívilnana hjá Íslandsbanka hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á fyrri hluta árs 2015 á umfangi veittra ívilnana hjá Íslandsbanka hf. Markmið athugunarinnar var að leggja mat á umfang ívilnana (e. forbearance) og hvort skráning, eftirlit og skýrslugjöf bankans til Fjármálaeftirlitsins vegna þeirra væri fullnægjandi. Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í febrúar 2016.

Ívilnanir nefnast þau úrræði sem bankar geta gripið til, til að koma í veg fyrir vanskil lántaka eða til að koma lántökum úr vanskilum og aftur í skil. Dæmi um slík úrræði eru endurfjármögnun, breytt greiðsluflæði, frestun á greiðslum eða veiting fyrirgreiðslna til skamms tíma sem ráðstafað er til greiðslu afborgana lána sem eru í vanskilum. Lán sem hlotið hafa ívilnun eru talin áhættusamari en þau lán þar sem staðið er við upphaflega lánsskilmála. Lánastofnunum ber að taka tillit til ívilnana við mat á áhættu útlána sinna og upplýsa Fjármálaeftirlitið um flokkun þeirra í sérstakri lánasafnsskýrslu.

Athugun Fjármálaeftirlitsins náði til fimmtán valinna lántaka sem Íslandsbanki hf. tilgreindi í lánasafnsskýrslu sinni hinn 31. desember 2014 og flokkaði annars vegar *í skilum án endurskipulagningar* eða *í skilum eftir endurskipulagningu*. Samanlagt nam bókfært virði lána þeirra um 10% af bókfærðu virði lána Íslandsbanka hf. til fyrirtækja.

Í tengslum við athuginina afhenti Íslandsbanki hf. Fjármálaeftirlitinu m.a. afrit af lánssamningum og umfjöllun lánanefnda um einstakar lánveitingar. Í athugininni byggði Fjármálaeftirlitið á leiðbeiningum og skilgreiningum á ívilnunum og vanefndum í lánasafnsskýrslu Fjármálaeftirlitsins.

Helstu niðurstöður athugunarinnar

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að úrræði Íslandsbanka hf. gagnvart tveimur lántökum, af þeim fimmtán sem voru í úrtakinu, hefðu falið í sér ívilnanir samkvæmt skilgreiningum lánasafnsskýrslunnar. Hinsvegar var ekki tilefni til að gera athugasemd við flokkun þeirra í lánasafnsskýrslu bankans.